

STARFSKJARASTEFNA  
ORCA Capital Partners ehf.

## 1. Markmið

Starfskjarastefnunni er ætlað að laða að og halda í dugmikla og metnaðarfulla starfsmenn á samkeppnismarkaði og gera þeim kleift að vaxa í starfi. Stefnan endurspeglar markmið félagsins um góða stjórnarhætti sem og um sjálfbæra langtíma verðmætasköpun fyrir hluthafa.

Starfskjarastefnan nær til allra starfsmanna félagsins og stjórnar þess.

## 2. Stjórn

Stjórnarmenn skulu þiggja fasta mánaðarlega þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar félagsins. Varastjórnarmenn skulu þiggja fasta upphæð fyrir hvern stjórnarfund sem þeir sitja.

Stjórnin skal leggja fram tillögu um þóknunina fyrir komandi starfsár þar sem tekið er tillit umfangs ábyrgðar, vinnumagns og árangurs félagsins. Hluthöfum er heimilt að ákvarða enga þóknun fyrir stjórnarsetu í félaginu.

## 3. Framkvæmdastjóri

Skriflegur ráðningarsamningur skal gerður milli félagsins og framkvæmdastjóra þar sem kveðið skal á um helstu skyldur hans og ábyrgð. Grunnlaun hans og önnur launakjör skulu taka mið af menntun hans og starfsreynslu og vera samkeppnishæf. Önnur ákvæði um kjör hans, svo sem lífeyrissjóðsiðgjöld, orlof og önnur hlunnindi, sem og uppsagnarfrest, skulu koma fram í ráðningarsamningnum.

Endurskoða skal grunnlaun framkvæmdastjóra árlega og skal þar metin frammistaða framkvæmdastjóra, þróun launa í svipuðum stöðum í sambærilegum fyrirtækjum og almennur árangur og rekstur félagsins.

Í ráðningarsamningi skulu koma fram og kveðið á um allar greiðslur sem framkvæmdastjóra ber við uppsögn samningsins. Við sérstakar aðstæður, og ef það samræmist lögum, er heimilt að útbúa sérstakan starfslokasamning.

## 4. Forstöðumenn og aðrir lykilstarfsmenn

Framkvæmdastjóri ræður forstöðumenn og aðra lykilstarfsmenn félagsins í samráði við stjórn félagsins.

Skilmálar ráðningarsamninga þeirra skulu taka mið af sömu þáttum og viðmiðum og um getur í 3. gr., eftir því sem við á.

## 5. Aðrir starfsmenn

Forstöðumenn og aðrir lykilstarfsmenn skulu, þegar við á, hafa ofangreint í huga þegar þeir taka ákvörðun um starfskjör annarra starfsmanna.

## 6. Kaupaukar

Félagið hefur ekki sett á fót kaupaukakerfi í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um kaupaukakerfi fjármálfyrirtækja nr. 388/2016.

## 7. Upplýsingagjöf

Upplýsingar um heildarumbun stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna félagsins skulu birtar á aðalfundi þess ár hvert. Þetta á einnig við um hverskyns frestaðar greiðslur og óreglulega samninga á næstliðnu fjárhagsári.

## **8. Samþykkt starfskjarastefnunnar**

Starfskjarastefnan skal vera stjórn til leiðbeiningar. Hverskyns veigamikil frávik frá stefnunni skulu skráð og rökstudd í fundargerðum stjórnar eða gerðarbók félagsins. Stjórn félagsins skal upplýsa aðalfund um slík frávik eftir atvikum.

Starfskjarastefna þessi var samþykkt af stjórn félagsins þann 13. febrúar 2025 og öðlast gildi þegar hluthafafundur félagsins hefur samþykkt hana eða tilvist hennar færð í gerðarbók.

Það er mat stjórnar félagsins að framangreind ákvæði styðji við hóflega áhættutöku og þá menningu að horft sé til sjálfbærniáhættu í allri ákvörðunartöku starfsmanna og stjórnenda.

Að öðru leyti fer um starfskjarastefnu þessa samkvæmt lögum.

Þannig samþykkt af hluthafa ORCA Capital Partners ehf. þann 13. febrúar 2025